



26/02 2020

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Borgþór Hjörvarsson, Jökull Harðarson, Sigmundur Grétarsson, Helgi M Ingason, Margrét Arnarsdóttir, Kristján Helgason, Arnar Þór Björgvinsson, Magni Rafn Jónsson, Hafsteinn Hreiðarsson, Jakob Þór Leifsson, Guðmundur Gunnarsson, Björn Hilmarsson, Eiríkur Jónsson, Sigurður Freyr Kristinsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson og Viðar M.

Í fjarfundi : Gauti Þorvaldsson

Fundur settur : 18:16

Guðmundur Ævar setur fundin og býður svo Margréti að taka við fundinum.

Margrét áréttar að þurfi að ganga inn grafarvogsmegin í framtíðinni, ábending frá RSÍ

Ritari les fundargerð síðast fundar og er hún samþykkt án athugasemda.

Breytt tímasetning funda stjórnar og trúnaðarráðs til þess að koma málum inn í dagskrá miðstjórnar.

- Umræður um miðstjórn og hvernig hún er að virka.

Margrét tilkynnir hvernig stjórn og trúnaðarráð mun virka, Ævar starfandi formaður fram að aðalfundi, Hilmar verður starfandi varaformaður og Margrét gjaldkeri.

Umræður um orlofshúsakerfið. Punktakerfi sem sé mögulega gallað.

Vinnudagsetning á aðalfundi verður 21.apríl – En verður haldin 29.apríl.

Fundarstjóri fyrir þann fund, lögfræðingur RSÍ eða Lögfræðingur ASÍ, Björn Ágúst mun rita fundin.

Vinna að lagabreytingum fyrir aðalfund FÍR, laganefnd FÍR þarf að hittast fyrir 10.mars og gera drög að vinnunni.

Sigmundur fer yfir framkvæmdarstjórnarfund, vandræði með að manna síðanefnd og kynjahlutfallið skakkt. Rætt um stöðu lögfræðings RSÍ og hvað hin félögin ætli að gera. Ákveðið hefur verið að semja við Ólaf.

Farið yfir málefni sem Sigmundur lagði fyrir framkvæmdarstjórn, málefni sem verða tekin fyrir í miðstjórn.

Hilmar vill fara að vinna út frá kjarasamningnum, annars skilgreina atvinnurekendur samningin og þá verður þessi barátta töpuð.

Jökull segir að vel hafi gengið að innleiða styttingu hjá Marel.

Helgi segir að samningurinn verði stórslys, vinnan ekkert farin af stað hjá RSÍ.

Ævar fer yfir hvernig nýja eigendastefnu RSÍ megi nota til þess að móta framtíð RSÍ.



Spurt um launareiknivél RSÍ, er fast hjá Jakobi FTR, ekkert gerist.

Ályktun FÍR um launareiknivél RSÍ (tillaga 1)

”Stjórn og trúnaðarráð FÍR fer fram á að vinna við uppsetningu á launareiknivél verði lokið eigi síðar en 16.mars og krefst skýringa á hvað hefur tafið þessa vinnu, það er ekki boðlegt nú þegar nýir og flóknir samningar fara að taka gildi að félagsmenn hafi ekki aðgang að launareiknivél, stjórn og trúnaðarráð FÍR fer fram á að þessari vinnu verði útvistað ef RSÍ getur ekki lokið henni á tilskyldum tíma.”

Tillaga 1 samþykkt einróma

Rafmennt og umræður um skólann, hvert á stefna með skólann.

Ályktun FÍR um Global power trade union ráðstefnu á Írlandi. (tillaga 2)

“Stjórn og trúnaðarráð FÍR vill skora á miðstjórn RSÍ að nýta tækifærið á Global power trade union í Írlandi og senda fulltrúa frá landsbyggðarfélögum, frá suðurlandi, norðurlandi og suðurnesjum, einn sterkstraumsmann frá hverju félagi. Svona ferðir þurfa að vera hnitmiðaðar og þekkingin þarf að deilast á fleiri, í því felast mikil verðmæti fyrir RSÍ.”

Tillaga 2 samþykkt einróma.

Miklar umræður um ferðir á vegum félagsins, þurfa að vera mjög skýr markmið hvað á að gera. Einskorða félagið við Norðurlöndin og norður evrópu.

Fresta fyrirspurn um utanlandsferðir formanns RSÍ. Taka það fyrir síðar og leggja fyrir miðstjórn.

Helgi stingur upp á að FÍR birti ítarleg

Byrja á því að tengja fir.is við Rafis.is/fir, Ævar tekur það að sér fyrir 4.mars.

Drög að heimasíðu FÍR, Sigurður og Haffi taka það að sér, skila drögum af því hvaða hlutverki síðan muni gegna.

Gulrót fyrir trúnaðarmenn, spurning um að verðlauna með viku í bústað utan úthlutunartíma. Vernd fyrir trúnaðarmenn mikilvægust.

Ævar fær upplýsingar um hverjir frá FÍR eru búnir að skrá sig á sambandsstjórnarfund á Siglufirði 2020 á morgun 27/02.

Ársskýrsla FÍR fyrir 2019 – Sigmundur sendir upplýsingar varðandi orlofsnefnd, Guðmundur og Björn fyrir sveinsprófsnefnd, Hilmar sendir varðandi Rafmennt. Öllu á að vera skilað til ritara fyrir 5.apríl.

Viðar fer yfir stöðu mála hjá afmælisnefnd RSÍ. Gróðursetning trjáa, keppni í innsendum vídeóum frá störfum félagsmanna ofl. Laugardaginn 28.nóvember (afmælisdaginn) verður svo partý. Tilkynningar verða sendar á félagsmenn í ágúst.

Fundi slitið 20:10

Fundinn ritaði Andri Reyur Haraldsson

